



## Kortavelta ferðamanna dregst saman

*Færri ferðamenn sem dvelja lengur og eyða meiru*

Í september komu um 180 þús. ferðamenn til landsins um Leifsstöð og voru þeir 21% færri en í september fyrir ári síðan. Allt frá áramótum hefur verið stöðug fækkun á mánaðarlegum komum ferðamanna til landsins samanborið við sama mánuð árið áður og á fyrstu 9 mánuðum ársins komu 14% færri ferðamenn til landsins samanborið við fyrstu 9 mánuðina í fyrra.

Fækkun ferðamanna hefur auðvitað þau áhrif að erlend kortavelta hér á landi dregst einnig saman. Kortaveltan dróst saman um 10% í september samanborið við sama tíma í fyrra í krónum talið og um 16% sé litið til veltunnar miðað við fast gengi.

### Hver ferðamaður eyðir meiru

Ef heildarkortaveltu erlendra greiðslukorta er deilt niður á fjölda ferðamanna má áætla meðaleyðslu hvers ferðamanns. Miðað við þann mælikvarða eyddi hver ferðamaður um 119 þús. kr. í heimsókn sinni hér á landi í september sem er 14% meira en hver ferðamaður eyddi í september í fyrra í krónum talið. Gengið veiktist yfir tímabilið sem gerir það að verkum að kaupmáttur ferðamanna jókst og því gátu þeir eytt fleiri krónum án þess að vera að eyða meiru í sinni eigin mynt.


Þó eyða ferðamenn ekki aðeins meiru í krónum, heldur einnig í erlendri mynt. Hver ferðamaður eyddi að meðaltali 863 evrum á heimsókn sinni hér á landi í september samanborið við 809 evrur í september fyrir ári síðan, sem er 7% aukning.

### Lengri dvalartími skýrir hækkunina

Líkt og fjallað var um í [Hagsjá](#) Hagfræðideildar fjölgaði gistinóttum erlendra ferðamanna á hótelum á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tíma í fyrra.


Hver ferðamaður sem kom hingað til lands í september dvaldi að meðaltali 5,4 nætur, óháð gististað, sem er heilli gistinótt lengur en meðal ferðamaðurinn dvaldi hér á landi í september í fyrra.

### Kortavelta og fjöldi ferðamanna



Heildarvelta erlendra greiðslukorta að frádrögnum farþegaflugi, raunvirt með vísitölu meðalgengis.  
Heimild: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa, Rannsóknarsetur verslunar, Hagfræðideild Landsbankans

### Kortavelta á hvern ferðamann



Heildarvelta erlendra greiðslukorta að frádrögnum farþegaflugi.  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Það kemur því ekki á óvart að meðalkortavelta ferðamanna hafi aukist þegar dvalartíminn lengist.

### Ferðamenn eyða minna á dag

Ferðamenn virðast þó eyða minna á hvern dag eftir því sem dvölin verður lengri. Í september eyddi hver ferðamaður um 160 evrum á dag sem jafngildir 22 þús. kr. Fyrir ári síðan eyddi hver ferðamaður 183 evrum á dag sem jafngildi rúmum 23 þús. kr. Samdrátturinn í september varð meiri í evrum en í krónum sem skýrist af gengisveikingu krónunnar.


### Ísland áfram vinsæll ferðamannastaður

Ísland virðist áfram vera vinsæll áfangastaður ferðamanna. Greint var frá því í síðasta hefti *Peningamála* Seðlabanka Íslands að fjöldi Google-leita tengdum Íslandsferðum bendi mögulega til þess að áhugi sé að glæðast á ný. Leitunum sem tengjast Íslandi hefur fækkað milli ársfjórðunga allt frá upphafi árs 2018 en samdrátturinn á þriðja ársfjórðungi var minni en á síðustu tveimur fjórðungum þar áður.

Líkt og Hagfræðideild hefur [áður bent á](#) hefur samsetning ferðamanna breyst með brotthvarfi WOW air. Gistinóttum í óskráðri gistingu, til dæmis í gegnum vefsíður á borð við Airbnb eða Homeaway hefur fækkað, á sama tíma og gistinóttum á hótélum hefur fjölgað. Þeir ferðamenn sem nú koma virðast í auknum mæli kjósa að gista á hótélum, dvelja lengur og eyða þar af leiðandi meiru.


Síðustu mánuði hafa ný lággjaldaflugfélög lýst yfir áformum um að bjóða flugferðir til og frá landinu og verður því áhugavert að sjá hvort þessi mynd breytist eitthvað næstu misseri í takt við aukið framboð ódýrra flugsæta til landsins.

### Kortavelta á gistinótt



Allar gistinætur, bæði skráðar og óskráðar. Heildarvelta erlendra greiðslukorta að frádregnu farþegaflugi. Heimild: Hagstofa Íslands, Rannsóknarsetur verslunarinnar, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Google-leit tengd Íslandsferðum



Leitarniðurstöður út frá þáttalíkani sem tekur saman tíðni fimm ólíkra leitarniðurstaðna sem tengjast ferðalögum til Íslands samkvæmt Google-leitarvélinni (árstíðaleiðrétt, tveggja ársfjórðunga hreyfanlegt meðaltal). Heimild: Seðlabanki Íslands, Google Trends

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.